

Kirkjugarðasamband Íslands

Júní 2010



Aðalfundurinn var haldinn á Hótel Höfn

Ársskýrsla 2009

Ársskýrsla KGSÍ og In Memoriam

1. Tekjur kirkjugarða landsins árið 2009

Fjárlög ársins 2009 gerðu ráð fyrir að kirkjugarðar landsins fengju í sinn hlut kr. 938.943.441 og gekk stjórn KGSÍ út frá þeirri tölu við úthlutun til kirkjugarða.



Ríkisstjórnin lagði á miðju ári 2009 fram frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Þar var bæði að finna breytingar á sköttum svo og ýmsar breytingar til lækkunar útgjalda. Markmið ríkisstjórnarinnar var að lækka útgjöldin um 3,3 milljarða króna á árinu 2009. Í hlut kirkjugarða landsins kom 20 milljón króna skerðing á framlag ríkisins sem var

um 2,13% af framlaginu fyrir allt árið 2009.

Þetta hafði í för með sér 2,13% lækkun á greftrunargjaldi, umhirðugjaldi og föstu gjaldi til bálstofu. Hins vegar ákvað stjórn KGSÍ að skerðing greftrunargjaldsins færist yfir á umhirðugjaldið. Þannig varð ekki lækkun á greftrunargjaldinu á árinu. Endanlegar tekjur árið 2009 voru því kr. **918.943.441**

2. Hlutverk KGSÍ við útteilingu á framlagi ríkisins til kirkjugarða

Rétt er að rifja upp hvernig framlagi ríkisins er komið til kirkjugarða landsins og árétta að það veitist stjórn KGSÍ enn erfitt að fá jarðsetningarskýrslur frá kirkjugörðum, sérstaklega þeim sem eru í minni kantinum. Þetta er raunar furðulegt þar sem tekjur viðkomandi garða tengjast þessari einföldu aðgerð að senda inn upplýsingar um greftrun á viðkomandi stað.

Lögbundið framlag ríkisins tekur mið af fjölda grafa og stærð grafarsvæða. Tekjurnar skiptast í tvennt: Umhirðugjald þar sem greiðsla fer eftir stærð grafarsvæða og greftrunargjald en þar fer greiðsla eftir fjölda jarðsetninga og staðsetningu kirkjugarðs. Umhirðugjald verður greitt í 11 greiðslum til kirkjugarða á tímabilinu 15. febrúar 2010 til 15. desember 2010.

Tekjur kirkjugarða byggjast að verulegu leyti á framlagi ríkisins og hér að neðan er því lýst með hvaða hætti þessar tekjur rata til kirkjugarða landsins:

1. Fjármálaráðuneyti gefur KGSÍ upp endanlegt framlag ríkisins til kirkjugarðamála á komandi ári, þegar sú tala liggur fyrir í fjárlögum (desember).
2. KGSÍ reiknar út greftrunargjald og umhirðugjald. Greftrunargjald er ákveðið í upphafi hvers árs og fer gjaldið eftir því hvar kirkjugarðurinn er staðsettur. Á heimasíðu KGSÍ má finna í hvaða flokki viðkomandi kirkjugarður er og hvað hann fær fyrir grafartöku. Greftrunargjald er greitt eftir að viðkomandi kirkjugarðsstjórn eða fulltrúi hennar hefur fyllt út jarðsetningarskýrslu á vefnum gardur.is. Þessar upplýsingar eru sendar til fjármálaráðuneytis og dóms- og kirkjumálaráðuneytis í byrjun greiðsluárs, þ.e. í janúar hvert ár. Umhirðugjald er greitt eftir stærð og staðsetningu grafarsvæða. Á heimasíðu KGSÍ má sjá í hvaða flokki hver kirkjugarður er og hversu mikið er greitt á fermetra.
3. KGSÍ útbýr mánaðarlega skiptingu á fjárhæðinni, þ.e.a.s. hvað hver fær mánaðarlega á greiðsluári:
 - a) Kirkjugarðasjóður v/ prósentuframlags (8,5%)
 - b) greftrunarsjóður v/greftrana
 - c) umhirðugjald til kirkjugarða landsins og
 - d) framlag til Bálstofu í Fossvogi.
4. Fjársýsla ríkisins sendir inn á bankareikning KGSÍ 1/12 af framlagi ríkisins (15. hvers mánaðar).
5. KGSÍ greiðir 15. hvers mánaðar inn á reikninga kirkjugarða (umhirðugjald) inn á reikning greftrunarsjóðs sem er í umsjá KGSÍ og inn á bálstofuna í Reykjavík.
6. KGSÍ sér um að greiða kirkjugörðum v/greftrana eftir tilkynningar á www.gardur.is

3. Frumvarp til laga um breytingar á lögum um kirkjugarða

Frumvarpið er enn í skúffu tæpum fimm árum eftir að það var lagt fram í þinginu. Allsherjarnefnd þingsins kallaði eftir umsögnum vorið 2007 og síðan aftur 2008 og í framhaldi af því kallaði nefndin til fulltrúa úr dóms- og kirkjumálaráðuneyti og formann KGSÍ til að svara spurningum nefndarmanna en síðan ekki söguna meir.



Engin leið er að giska á hvenær þingmönnum þóknast að afgreiða frumvarpið. Það er þó varla ágreiningur í þinginu um efni þess heldur einungis skeytingarleysi fyrir

málaflokknum. Formaður KGSÍ hefur skrifað þingmönnum til að þrýsta á afgreiðslu án árangurs.

4. Aðalfundur 2009 var á Höfn í Hornafirði í maí

Aðalfundur KGSÍ 2009 var haldinn á Höfn í Hornafirði laugardaginn 23. maí. Þátttaka á fundinum var nokkuð góð. 36 þátttakendur rituðu nöfn sín á nafnalista og reikna má með að heildartala þeirra sem voru í tengslum við aðalfundinn hafi verið



um 70 manns. Dagskráin var fjölbreytt og voru þar flutt mörg fróðleg og skemmtileg erindi, svo sem erindi heimamanns sem fjallaði um uppruna Hornfirðinga og flutti sögulegt yfirlit með eigin hugleiðingum. Fundarmenn og makar fóru í stórgóða skoðunar- og skemmtiferð eftir fundinn. Farið var með mannskapinn yfir í svo nefndar Suðurfjörur og þar

tók við fjórhjólaakstur yfir sandana og var ekki laust við að sumir færu svolítið glannalega - en við nefnum engin nöfn! Um kvöldið var hátíðarkvöldverður á Hótel Höfn og síðan góð samvera fram eftir kvöldi. Óhætt er að þakka Hornfirðingum góðan undirbúning og móttökur þó að veðrið væri fremur kalt með rigningarhraglanda.

5. Sameining kirkjugarðastjórna

Undanfarin ár hefur annað meginverkefni KGSÍ verið kynning á kostum þess að kirkjugarðastjórnir sameinist, t.d. innan prestakalla. Stjórn KGSÍ hefur á undanförunum misserum efnt til fjölda funda í samvinnu við viðkomandi prófasta. Þessir fundir hafa verið vel sóttir og auk þess að ræða hugsanlega sameiningu kirkjugarðastjórna hafa ýmis önnur mál sem snerta rekstur kirkjugarða verið rædd.

Á árinu 2009 var einn slíkur fundur haldinn. Fulltrúi KGSÍ fór á héraðsfund í Múlaprófastsdæmi 19. apríl að ósk prófasts og kynnti hugmyndir sambandsins um sameiningu kirkjugarðastjórna og óskaði eftir því að fulltrúar KGSÍ kæmu á héraðsfund. Í stuttu máli telur stjórn KGSÍ að kirkjugarðastjórnir á landinu séu of margar. Fjöldi þeirra tefur góða stjórnsýslu og samband milli KGSÍ og stjórnenda margra smærri garða er lítið sem ekkert og þar af leiðandi er illmögulegt að koma á framfæri ýmsum nauðsynlegum upplýsingum sem skipta meginmáli við rekstur garðanna. Fækkun stjórna auðveldar stjórnsýsluna og eykur rekstrarhagkvæmni. Með sameiningu er auðveldara að ná góðum samningum við garðyrkjuverktaka til að annast umhirðu og verktaka sem annast grafartöku.

Óhætt er að segja að mikill áhugi sé á sameiningu kirkjugarðastjórna víða um land og hefur stjórn KGSÍ ákveðið að aðstoða þær stjórnir sem áhuga hafa á sameiningu og kynna sér kosti hennar og hugsanlega galla. Í því skyni lét stjórn KGSÍ gera lögfræðilega úttekt á því hvaða verklag þurfi að viðhafa til að sameining gangi fyrir sig samkvæmt lögum og reglum.

Þrátt fyrir góðan vilja heimamanna á kynningarfundum er frumkvæði þeirra til sameiningar nánast ekkert og það er nú álit stjórnarmanna að grípa þurfi til annarra ráða en að bíða eftir því að beiðni berist úr héruðum.

6. Kirkjugarðaráðstefna í Gautaborg

Samtök norrænna kirkjugarða og bálstofa, NFKK, í samvinnu við Samtök starfsmanna norrænna útfararstofa og fleiri, efndu til ráðstefnu í Gautaborg dagana 10 til 12. september 2009. KGSÍ er aðili að NFKK og fóru 25 Íslendingar utan og voru 12 af þeim skráðir þátttakendur. Slíkar samnorrænar ráðstefnur eru haldnar fjórða hvert ár, síðast árið 2005 í Reykjavík.

Ráðstefnan í Gautaborg var haldin í „Svenska Mässan“ sem er stærsta ráðstefnu- og sýningarými á Norðurlöndum. Ráðstefnan var stærri og yfirgrípsmeiri en áður því starfsmenn útfararstofa voru einnig með í þetta sinn. Yfir 600 manns sóttu ráðstefnuna víðsvegar af Norðurlöndum. Haldin voru um 20 fróðleg erindi og voru þau túlkuð yfir á íslensku og finnsku.



Í tengslum við ráðstefnuna var haldin fagsýning sem sýndi margvíslega hluti sem snúa að útförum og rekstri kirkjugarða. Síðasta dag ráðstefnunnar voru farnar kynnisferðir um nágrenni Gautaborgar.

Íslensku þátttakendurnir voru mjög ánægðir með ferðina sem gekk vel í alla

staði. Flogið var til Kaupmannahafnar og þaðan var tekin rúta til Gautaborgar en þar á milli er tæplega fjögurra tíma akstur. Sama leið var farin til baka. Veðrið var ákjósanlegt, bjart og hlýtt eins og minningin um velheppnaða ferð.

7. Málþing um samstarf innan útfararþjónustunnar

Málþing um samstarf innan útfararþjónustunnar var haldið var á Grand hóteli miðvikudaginn 18. nóvember 2009. Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma og Kirkjugarðasamband Íslands buðu prestum, útfararstjórum, organistum, legsteinasölum og starfsmönnum kirkjugarða í Reykjavíkurprófastsdæmum og

Kjalarnesprófastsdæmi. Auk þess sátu málþingið fulltrúar ofangreindra starfsstétta frá Akureyri, Akranesi, og víðar. Alls sátu um 70 manns þingið.

Málþingið hófst kl. 17:30 og því lauk kl. 19:45. Eftir það var boðið til kvöldverðar á hótelinu. Þórsteinn Ragnarsson, forstóri, stýrði fundi og ritaði fundargerð. Fyrirlesarar á málþinginu voru: Sr. Þorvaldur Víðisson, Frímánn Andrésson, útfararstj., og Smári Sigurðsson framkv.stj. Kirkjugarða Akureyrar.

Eftirfarandi spurningum og svörum var varpað fram í upphafi málþingsins:

Hver er tilgangurinn með slíku málþingi?

- a) Að þær stéttir sem koma að þjónustu við látið fólk og aðstandendur þess geti skipst á skoðunum og þannig leitast við að tryggja góða samvinnu og þjónustu og fyrirbyggja mistök.
- b) Að efla skilning á störfum hverrar stéttar og tryggja góða og samstillta þjónustu á þessu viðkvæma sviði mannlífsins.

Hvað höfum við áður gert til að efla samstöðuna?

- a) Stofnað Kirkjugarðasamband Íslands (KGSÍ) sem er opið öllum stéttum sem að þessari þjónustu koma.
- b) Gefið út fagritið Bautastein sem flytur fréttir og greinar af vettvangi þjónustunnar.
- c) Haldið málþing í Viðey í nóvember 2006 þar sem tæplega 70 manns mættu. Þar voru fjórir fyrirlesarar og almennar umræður um brýn mál. Ánægja var með þann fund.

8. Tölvubókhald fyrir kirkjugarða

Í lok árs 2009 var sett upp ársyfirlit fyrir kirkjugarða á slóð tengdri gardur.is. Yfirlitið virkar með þeim hætti að þær greiðslur sem berast frá ríkinu eru færðar á tekjuliði garðanna. Á þessari slóð er hægt að sjá frá mánuði til mánaðar framlag ríkisins árið 2009 og áfram. Einnig er hægt að sjá nöfn þeirra sem jarðsettir eru í viðkomandi garð og greiðslur vegna grafartöku. Þarna er kominn vísir að bókhaldskerfi fyrir minni garða.

Stjórnin ræddi um að breyta ársreikningsformi kirkjugarðanna, þ.e. að þeir þurfi ekki að taka inn í sína ársreikninga framlagið til Kirkjugarðasjóðs. Fyrirkomulagið hefur sem sagt verið með þeim hætti að þeir þurfa að telja sér til tekna 8,5% framlagið sem þeir aldrei fá en greiðist beint til Kirkjugarðasjóðs. Þessi tillaga stjórnar KGSÍ verður rædd innan Kirkjugarðaráðs.

9. Flutningur frá landsbyggðinni í bálstofu í Fossvogi

Stjórn KGSÍ ræddi um það á nokkrum fundum hvernig megi jafna kostnað við flutning á kistum frá landsbyggðinni í bálstofuna í Fossvogi til að sá kostnaður verði

ekki hindrun fyrir því að valin sé bálför. Æskilegt er að fá umræðu um þetta mál á aðalfundinum í Hafnarfirði.

10. Legstaðaskráin gardur.is



Heimasíðan gardur.is er í umsjón og eigu Kirkjugarðasambands Íslands sem á félagið In Memoriam ehf sem er skráður eigandi síðunnar. Heimasíðan er í stanslausri þróun og henni tengjast hinir ýmsu verkþættir, s.s. bókunarkerfi, verkbeiðnakerfi, greiðsluyfirlit o.fl. Eitt af markmiðum félagsins er að skapa almenningi aðgang að upplýsingum um legstað látinna manna á Íslandi og jafnframt að veita upplýsingar um viðkomandi kirkjugarða, þ.m.t. kort, texta, myndir og teikningar. Þetta markmið hefur náðst að hluta og er heimasíðan mikið notuð (90 uppflettingar á dag að jafnaði).

Skil á jarðsetningarskýrslum eru ekki viðunandi og hefur það verið árviss vinna hjá starfsfólki Kirkjugarða Akureyrar að heimsækja Þjóðskrá til að finna upplýsingar um látna einstaklinga sem ekki hafa verið skráðir á gardur.is. Þetta er dapurlegt og sýnir í raun nauðsyn þess að einfalda stjórnkerfið hjá kirkjugörðum landsins með sameiningu stjórna.

Stjórn KGSÍ leggur áherslu á að á næstu misserum verði lögð vinna í uppfærslu á kortum og teikningum kirkjugarða. Liggja þarf ljóst fyrir hvaða kirkjugarðar greiði fyrir slíka vinnu og hverjir ekki.

11. Kirkjugarðasamband Íslands og Kirkjugarðaráð

Á árinu 2009 var náð samstarf með stjórn Kirkjugarðasambands Íslands og Kirkjugarðaráði sem hefur yfirumsjón með kirkjugörðum landsins. Kirkjugarðaráð er jafnframt stjórn Kirkjugarðasjóds sem er jöfnunarsjóður fyrir kirkjugarða landsins. Einn af fimm stjórnarmönnum Kirkjugarðaráðs er fulltrúi KGSÍ í ráðinu.

12. Stjórn og formaður

Stjórn og varastjórn voru óbreytt. Á aðalfundinum á Höfn voru kosnir í stjórn þeir Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar og Þórsteinn Ragnarsson forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma, sem kosinn var formaður. Í varastjórn voru kosin Indriði Valdimarsson frá Akranesi og Katrín Birna Viðarsdóttir frá Ásólfskála.

Á milli aðalfunda voru haldnir átta stjórnarfundir og hafa ritnefndarfundir vegna Bautasteins gjarnan verið haldnir í tengslum við þá áður en blaðið kemur út á vorin. Varamenn voru að jafnaði boðaðir á stjórnarfundi.

13. Útgáfa Bautasteins - fagrits

Bautasteinn (fagritið) kom út vorið 2009 og var þar á ferðinni 1. tölublað 14. árgangs. Blaðið flytur faglegar greinar af vettvangi kirkjugarðamála og fylgist með því sem er efst á baugi í útfarar- og kirkjugarðamálum.

Á slóðinni: <http://www.kgsi.is/bautasteinn.html> má sjá Bautastein frá upphafi. Bautasteinn er að mestu fjármagnaður með auglýsingatekjum og sér því að mestu um sig rekstrarlega. Vinnslu blaðsins, þ.e.a.s. söfnun auglýsinga og greina, er stýrt frá skrifstofu KGRP en sérstakur ritstjóri er ráðinn til að ganga frá blaðinu. Nokkrir stærri kirkjugarðar kaupa blaðið og styrkja þannig útgáfu þess.

Bautasteinn - fréttabréf (1. tbl. 9. árg.) kom út í febrúar og flutti fréttir af vettvangi kirkjugarðamála.


14. In Memoriam ehf

Starfsemi In Memoriam ehf er samtvinnuð starfi innan KGSÍ og lýtur sömu stjórn. Ekki eru haldnir sérstakir fundir í félaginu heldur er því stýrt beint frá KGSÍ og er því ekki gerð sérstök grein fyrir starfsemi félagsins.

Reykjavík, 7. júní 2010,


Þorsteinn Ragnarsson,
formaður


Guðmundur Ráfn Sigurðsson,
stjórnarmaður


Smári Sigurðsson
stjórnarmaður